

Fundur hússtjórnar Þjóðveldisbæjarins

haldinn 8. maí 2025, kl. 13:00 í Eiríksbúð í Þjórsárdal

Mættu voru: Guðmundur Finnbogason, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Harpa Þórsdóttir og Vilhelmína Jónsdóttir sem jafnframt ritar fundargerð þessa.

Gestir á fundinum voru: Edda Sigurdís Oddsdóttir starfsmaður Landsvirkjunar sem mun taka við af GF í stjórninni, Helgi Haukur Helgason og Helga Margrét Friðriksdóttir frá rekstraraðilum, Unnsteinn Elíasson torf-og hleðslumaður, Atli Freyr Kristófersson sérfræðingur húsasafns Þjóðminjasafnsins.

Starfsemi í Þjóðveldisbænum

Helgi og Helga byrjuðu á að segja frá starfseminni í bænum og útliti fyrir sumarið.

Lýstu ánægju með samstarf og þær endurbætur sem nú eru byrjaðar á bænum. Eru líka ánægð með lóðaleigusamning við sveitarfélagið sem nú er frágenginn.

Eru að undirbúa framkvæmdir og þurfa að sækja um viðeigandi leyfi til sveitarfélags. Vilja bæta aðstöðu fyrir gesti og upplifun þeirra. Geta ekki gefið tímasetningu á hvenær nýtt húsnaði verður komið á lóðina. Stöðuleyfi fyrir núverandi hús gildir fram í október 2025. Stöðuleyfi fyrir skilti við veginn var veitt í gær. Helgi upplýsti að aðsókn í bæinn hefði aukist um 30-40% eftir að skiltið var sett upp síðasta sumar.

Ræddu markaðsstarf, m.a. að hafi fengið styrk frá uppbyggingarsjóði til enn frekara markaðsstarfs. Hafa hugmyndir um morðgátuleik í bænum þar sem Gaukur Trandilsson yrði aðalpersónan.

Segja frá fyrirhugaðri auglýsingatöku á vegum Porsche í umhverfi Þjóðveldisbæjarins. Lokað verður fyrir aðgengi þann dag, en bæði verður um auglýsingamyndatöku að ræða sem og viðburð fyrir starfsfólk fyrirtækisins. Þá er fyrirhugað kvikmyndaverkefni á vegum True North í júní. Samtals eru þetta þrír dagar.

GF fylgir eftir áætlunum rekstraraðila varðandi tímalínu uppbyggingar. Helgi segir að þau séu frekar að horfa til þess að nýtt húsnaði verði tilbúið og komið á staðinn næsta sumar, þ.e. 2026.

GF veit ekki betur byrjað sé að plægja fyrir rafmagni þannig að rekstraraðilar eigi að geta sótt um heimtaug. BHÁ upplýsir að sveitarfélagið muni koma niður rotþró.

Stefnt að því að upp úr miðjum maí, þegar full mönnun verður orðin í bænum, muni sérfræðingur Þjóðminjasafns vera með fræðslu fyrir starfsfólkið með svipuðu fyrirkomulagi og í fyrra.

Unnsteinn mun líka leiðbeina Helgu, Helga og starfsfólki varðandi umhirðu hússins.

Rætt um samstarf og samtal varðandi daglegt viðhald hússins, slátt á þekju, vökvun o.s.frv. HP ítrekar að viðvera rekstraraðila á staðnum veiti mikilvægar upplýsingar um ástand bæjarins og hvernig þarf að bregðast við. Markmiðið að rekstraraðilar og starfsfólk sem hafi húsið í sinni umsjón sé öruggara varðandi daglegt viðhald. Mikilvægt að rekstraraðili skrái (loggi) helstu breytingar sem verða yfir sumarið. Þannig getur Þjóðminjasafnið betur fylgst með húsinu auk þess sem ástandsmat og viðhaldssaga verður skýrari, horft til lengri tíma.

Yfirstandandi viðhaldsframkvæmdir á búrinu

Unnsteinn ræðir um ástand bæjarins og hvar hann er verst farinn. Leggur til verkefni fyrir næsta fasa viðhalds.

Umræður um viðhaldsmál, m.a. hvort setja eigi dúk. Unnsteinn vill að stjórn taki ákvörðun um hvort nota eigi dúk eða ekki. Kostir og gallar ræddir. Ákveðið að setja jarðvegsdúk ofan á hrísið í þakinu á búrinu sem nú er verið að endurnýja.

Umræður um hita og rakastig í bænum, mögulegar mælingar á hita o.fl.

Unnsteinn spyr um leyfi til að setja tjöruborða á steypu veggina, samþykkt.

Unnsteinn ræddi fúavörn. Karbólín, sem er þunn tjara. Reyndi að verða sér úti um efnið hjá Sérefni en var þar bent á að ef einhver ætti mögulega þetta efni væri það Landsvirkjun. GF og Edda hafa leitað í geymslum og ekki fundið. Rætt um að nota annað efni c-tox, til að bera á ákveðna staði.

Unnsteinn ræðir geymslu efnis. Ljóst er að það verður afgangur af ákveðnu efni t.d. torfi. Æskilegt væri að geyma það. Gott þegar kemur svo í annað úthald að það sé aðgengilegt og efninu fundinn staður til geymslu. GF ræðir mögulegan stað, við hesthús, ætla að fara þangað á eftir og Helgi mun hjálpa til við að færa efnið þangað. Sónun ef það er afgangsefni að því sé hent.

Unnsteinn ræðir takkadúk sem mælir með að verði notaður aftur, heldur jarðvegi frá, verður notað minna af honum og meiri líkur á einhverju loftflæði.

Aftur rætt um vatnsvarða dúkinn. Þyrfti að fást maður með þekkingu til að sjóða í það. GF mun útvega mann í það.

Unnsteinn ræðir múrbolta í bita, sést ekki, samþykkt.

Rætt um mikilvægi þess að varðveita viðgerðarsöguna. Unnsteinn mun deila upplýsingum og t.d. ljósmyndum. Samþykkt að Þjóðminjasafnið haldi utan um það.

Rætt um efnistöku: Timbur af Ásólfstöðum, úr dalnum. Torfið, bæði búið að skera streng frá Sandlæk og eins telur Unnsteinn sig hafa fundið stað til að skera klömbu. Hafði áður haft áhyggjur af efnistöku en virðist allt líta vel út. Klambra tekin úr s.k. Krókadæl, í landi Sandlæks.

Unnsteinn ræðir framhaldið og bendir aftur á þá staði sem hann telur að séu ónýtir. Bendir á að hann geti tekið veggina norðan megin á bænum í haust ef vilji til þess. Suðurveggurinn, sama hlið og inngangurinn þyrfti að bíða næsta sumars.

Stefnt á að bærinn skarti sínu fegursta sumarið 2027 á 50 ára vígsluafmæli.

Unnsteinn kemur með hugmynd að setja niður teina með litlu bandi sem gæti komið í veg fyrir að fólk klifri upp á þekjuna. Tekið vel í þá hugmynd.

Vökvunarbúnaður, ónýtur á þakinu. Helga spyr um leyfi til að fjarlægja, já.

Önnur mál

Stjórn undirritar útprentaða ársskýrslu.

Fleira ekki gert og fundi lokið kl. 14:00.

Eftir fund var gengið í Þjóðveldisbæinn, framkvæmdir skoðaðar, m.a. hellulagning gólfs í skála.